



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. apríl 2014

Efni: Umsögn um: Tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Bosníu og Hersegóvínu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Bosníu og Hersegóvínu, 329. mál.

Tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Kólumbíu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Kólumbíu, 327. mál.

Tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Kostaríka og Lýðveldisins Panama, 328. mál.

Utanríkismálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreindar tillögur til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamninga. Samtökin styðja eindregið að tillögurnar hljóti samþykki Alþingis og að fríverslunarsamningarnir verði fullgiltir sem fyrst.

Fríverslunarsamningar eru mikilvægir til að tryggja hindranalausan aðgang vöru á gagnkvæma markaði. Með því batnar samkeppnisstaða atvinnulífsins og möguleikar til aukinna viðskipta milli ríkjanna skapast. Allir aðilar hafa hag af samningunum með betri nýtingu framleiðslutækja, vernd hugverka og því að ágreiningsmál sem upp kunna að koma eru leyst eftir ákveðnu ferli.

Mikilvægasti samningurinn á þessu sviði er EES – samningurinn. Annars eru flestir fríverslunarsamningar Íslands hluti af sameiginlegum samningum EFTA ríkjanna. Þessir samningar leggja grunn að alþjóðaviðskiptum íslenskra fyrirtækja auk þess sem virk þátttaka stjórnvalda í alþjóðlegu samstarfi eins og í OECD og WTO er mjög mikilvæg.

Eitt mikilvægasta hlutverk utanríkisþjónustunnar er að þróa og viðhalda þessum viðskiptasamningum og gera nýja. Það styrkir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og greiðir fyrir þátttöku fyrirtækja hér á landi í alþjóðlegum viðskiptum.

Virðingarfyllst,

Halldór Árnason